

Mál nr. 266/2008
M vegna A og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar K

Bifreið varð fyrir tjóni þegar henni var ekið út í vatnstjörn á fjölförnum vegi þ.8.2.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.11.2008 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 5.12.2008. ásamt fylgiskjali 1-3

Málsatvik.

M lýsir atvikum þannig að hann hafi ekið bifreið sinni A eftir Nýbýlavegi til austurs á eftir bifreið sem ekið var í sömu átt og þegar komið var undir brúnnu við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Nýbýlavegar hafi verið þar stór vatnstjörn og stöðvaðist A í vatnseignum og komst ekki lengra og vél A eyðilagðist. Fyrir liggur samkvæmt dagbók lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að vaktmanni á vegum K var tilkynnt um að vatn væri farið að safnast fyrir á þeim stað þar sem A varð fyrir tjóninu og sagðist vaktmaðurinn mundu gera vinnuflokki á vegum bæjarins viðvart. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á að á þeim tíma þegar tjónið var hafi menn verið að vinna að því að leysa vandamál vegna vatnssöfnunar og búið hafi verið að setja búkka og merkingar þar sem verið var að vinna þarna. V segir að starfsmenn K hafi hafið aðgerðir strax og þeir fengu tilkynningu um vatnið á þeim stað sem hér ræðir um.

Álit.

Af hálfu K er því haldið fram að starfsmenn K hafi brugðist við um leið og vitneskja barst um vatnssöfnun undir brúnni við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Nýbýlavegar. Þeirri fullyrðingu hefur ekki verið hnekk. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en starfsmenn K hafi brugðist við til að leysa vandann um leið og þeim varð hann ljós en ekki náð að gera það áður en óhapp M varð. Ekki verður lögð sök á K vegna þessa þar sem ekki er sýnt fram á vanrækslu af hálfu K við að leysa þann vanda sem skapaðist vegna vatnsveðursins þ. 8.2.2008.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 2.1. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.